



Fréttabréf forseta

Nóvember 2016

Kæru formenn í Delta Kappa Gamma

Þá er vetrarstarfið komið á fullt hjá öllum deildum. Nánast allar deildir hafa sent mér starfsáætlun vetrarins en nokkuð vantar upp á að allar deildir hafi sett hana inn á sinn deildarvef. Ég bið formenn að minna vefstjórana sína á að gera það.

Viðurkenning vefsins

Nú eru allar deildir búnar að fá nýtt viðurkenningarmerki á vefsíðuna sína sem táknar það að vefurinn uppfylli skilyrði alþjóðasambandsins um útlit og hönnun og að alþjóðasambandið haldi áfram að tengja í vefinn okkar frá sínum vef. Þetta umsóknarferli á sér stað annaðhvert ár. Í þetta sinn var ekki mikil áhersla lögð á að tékka á hvort efni væri uppfært reglulega og má segja að það hafi „bjargað okkur fyrir horn“, því þar skortir á hjá nokkrum deildum. Ég bið ykkur formenn að ýta á eftir því við vefstjórana ykkar að sinna vefnum, allavega að það sé tryggt að lágmarksupplýsingar eins og hverjar sitja í stjórn þetta tímabil og annað í þeim dúr séu réttar. Eins og fyrr er ég boðin og búin til að aðstoða þá vefstjóra sem þurfa einhverja aðstoð.

Árgjaldið

Væntanlega eru allar deildir núna búnar að innheimta árgjaldið og gjaldkeri búinn að koma því áfram til gjaldkera landsambandsins. Í handbókinni okkar segir að ef félagskona greiði ekki félagsgjöld sín fyrir 1. nóvember missi hún rétt sinn til þátttöku. Þó við höfum ekki verið strangar með þessa dagsetningu er rétt, sérstaklega ef félagskona hefur ekki mætt á fund lengi, að hafa samband og kanna málið. Oft þarf ekki mikið til að félagskona finni sig á ný í starfinu hafi hún einhverra hluta vegna ekki verið virk.

Breytingar á félagatali

Um leið og gengið er frá árgjaldinu er rétt að skoða og uppfæra félagatalið í samræmi við þær upplýsingar sem sendar voru til gjaldkera. Muna eftir að uppfæra það bæði á eigin deildarvef en einnig að

senda breytingarnar til [Sigríðar](#), formanns Félag- og útbreiðslunefndar. Þetta á líka við ef nýir félagar bætast í hópinn, en margar deildir eru að taka inn nýjar félagskonur þetta haustið. Ítarlegar upplýsingar voru um verklag í sambandi við félagatalið og umsýslu félagaaðildarinnar í [septemberblaðinu](#).

Fréttabréfið

Nú er samskipta- og útgáfunefnd komin á fullt við að setja saman haustfréttabréfið sem birtist von bráðar. Ég minni ykkur formennina á að bregðast vel við ákalli nefndarinnar um efni í blaðið. Án ykkar þátttöku og annarra deildarkvenna verður fréttabréfið ekki að veruleika. Einnig bið ég ykkur um að koma ábendingum um áhugavert efni á framfæri við nefndina. Þið þekkið ykkar deildarkonur best og vitið hvar áhugavert efni er að finna.

Verum virkar – styrkjum starfið

Spil og/eða rós

Sú venja hefur skapast hjá mörgum deildum að gefa gestum á fundum rós sem þakklætisvott fyrir t.d. fyrirlestur. Ég bendi á að fallegu spilin okkar sem allar deildir ættu nú að vera komnar með einhvern lager af, er einnig hentug gestagjöf þar sem þau bæði innihalda kynningartexta og eiga sér lengra líf 😊

Styrkir

Ég vek athygli á að fyrir **1. febrúar** þarf að vera búíð að sækja um tvo styrki sem í boði eru innan DKG. Fyrst má nefna [einstaklingshluta Lucile Cornetet sjóðsins](#) en hann styrkir m.a. ferðir á námskeið og ráðstefnur, netnámskeið og ýmislegt fleira. Hinsvegar má nefna [International Scholarship](#) styrkinn en hann styrkir konur til framhaldsnáms, bæði meistara- og doktorsnáms. Þar sem vandaðar umsóknir auka möguleikana á styrkjum er rétt að huga nú þegar að því að setja saman umsókn og afla þeirra pappíra sem með þarf. Umsóknareyðublöð eru á vefsíðunum sem tengt er í hér í textanum.

Bestu kveðjur og gangi ykkur vel!
Eygló Björnsdóttir, forseti DKG